

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/364**

2023/EES/83/07

frá 13. desember 2018

**um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar snið umsókna um skráningu og framlengingu
skráningar viðskiptaskráa í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 frá 25. nóvember 2015 um gagnsæi í fjármögnun-
arviðskiptum með verðbréf og um endurnotkun og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾, einkum 8. mgr. 5. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Samræmt snið umsókna til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (ESMA) um skráningu og framlengingu skráningar viðskiptaskráa ætti að tryggja að allar upplýsingar sem krafist er samkvæmt framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/359 ⁽²⁾ séu lagðar fram hjá, og auðveldlega auðkenndar af Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni.
- 2) Til að auðvelda auðkenningu upplýsinganna sem viðskiptaskráin leggur fram ætti sérhvert skjal sem umsóknin inniheldur að hafa einkvæmt tilvísunarnúmer.
- 3) Telji umsækjandi um skráningu sem viðskiptaskrá, í samræmi við 3. mgr. 1 gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/359, að krafa í framseldri reglugerð (ESB) 2019/359 eigi ekki við um hann, verður hann að tilgreina þá kröfu greinilega í umsókn sinni og gefa skýringu á því hvers vegna sú krafa eigi ekki við. Auðkenna ætti þessar kröfur og skýringar með skýrum hætti í umsókninni um skráningu eða framlengingu skráningar.
- 4) Allar upplýsingar sem lagðar eru fram hjá Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni vegna umsóknar um skráningu eða framlengingu skráningar viðskiptaskrár ætti að veita á varanlegum miðli, eins og skilgreint er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB ⁽³⁾, til að gera geymslu þeirra fyrir síðari tíma notkun og eftirgerð mögulega.
- 5) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina, samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 15. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽⁴⁾.
- 6) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft samráð við almenning um þessi drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum, greint mögulegan kostnað og ávinning þar að lútandi og óskað eftir álitni hagsmunahóps á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Snið umsókna um skráningu og framlengingu skráningar**

1. Umsókn um skráningu eða framlengingu skráningar skal lögð fram á því sniði sem greinir í viðaukanum.
2. Fyrir hvert skjal sem lagt er fram fyrir hönd viðskiptaskrárinnar skal gefa upp einkvæmt tilvísunarnúmer og með skýrum hætt auðkenna hvaða sértæku kröfu í framseldri reglugerð (ESB) 2019/359 skjalið vísar til.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 125. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 386/2021 frá 10. Desember 2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (biður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 1.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/359 frá 13. desember 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2015/2365 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina upplýsingarnar sem skulu vera í umsókninni um skráningu og framlengingu skráningar sem viðskiptaskrá (sjá Stjtið. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 45).

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtið. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

3. Í umsókn um skráningu eða framlengingu skráningar skal tilgreina greinilega ástæðurnar fyrir hvers vegna upplýsingar sem vísa til tiltekinnar kröfu eru ekki lagðar fram.
4. Umsókn um skráningu eða framlengingu skráningar skal leggja fram á varanlegum miðli eins og skilgreindur er í m-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/65/EB.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. desember 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

SNIÐ UMSÓKNAR UM SKRÁNINGU EÐA FRAMLINGU SKRÁNINGAR SEM VIÐSKIPTASKRÁ

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Umsóknardagur	
Firmaheiti viðskiptaskrárinnar	
Lögheimili viðskiptaskrárinnar	
Sú tegund fjármögnunarviðskipta með verðbréf sem viðskiptaskráin sækir um skráningu vegna	
Nafn þess einstaklings sem ber ábyrgð á umsókninni	
Samskiptaupplýsingar um aðilann sem ber ábyrgð á umsókninni	
Nafn einstaklingsins/einstaklinganna sem ábyrgð bera á regluvörslu viðskiptaskrárinnar eða koma að mati á regluvörslu viðskiptaskrárinnar	
Samskiptaupplýsingar einstaklingsins/einstaklinganna sem ábyrgð bera á regluvörslu viðskiptaskrárinnar eða koma að mati á regluvörslu viðskiptaskrárinnar	
Tilgreining móðurfélags eða dótturfélaga, sé um það að ræða,	

TILVÍSANIR Í SKJÖL ⁽¹⁾

Grein (ESB) 2019/359	Einkvæmt tilvísunarnúmer skjalsins	Titill skjalsins	Kafli/hluti/blaðsíða skjalsins þar sem upplýsingarnar eru veittar eða ástæða þess að upplýsingarnar eru ekki veittar

(1) Fyrir allar upplýsingar sem krafist er í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/359, að undanskildum a-, c- og g-liðum 1. gr.